


ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags
Vestmannaeyja



Starfsárið 2003-2004.

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2003-2004.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja.

Starfsárið 2003-2004 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Hjálmar Baldursson.

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Bjarni Sighvatsson.

Meðstjórnendur: Arnar Ingi Ingimarsson og Hannes Kristinn Þorsteinsson.

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Útköll og verkefni.

Síðustu 30-40 árin hafa útköll vegna fjallabjörgunarverkefna verið sárafá eða varla eitt á fimm ára fresti. Nú bregður svo við að á rúmlega einu ári hafa komið þrjú útköll frá úteyjum. Öll hafa þau verið leyst þannig að viðkomandi hefur verið látinn síga í börum niður í skip þar sem ekki hefur þótt fýsilegur kostur að reyna að handlanga sjúkrabörur niður brekkur og reyna síðan að sæta lagi á steðja.

Kannski er þessi aukning fjallabjörgunarverkefna hrein tilviljun en kannski eru breytingar á fjölda, aldri og eða reynslu þeirra sem úteyjarlíf stunda.

Brugðist hefur verið við þessu með því að bæta verulega við fjallabjörgunarbúnað og æfingar þar að lútandi.

Þann 10.júlí barst beiðni frá lundaköllum í Suðurey um að aðstoða mann sem skorist hafði á fæti og var ekki ferðafær en þurfti að komast undir læknishendur.

Farið var á Þór að Suðurey, búnaðu hífdur upp og mannskapur síðan settur í land.

Búið var um þann slasaða og honum síðan brugðið í sigbelti og honum slakað “á vatni” niður í Þór og hjálparmenn fóru síðan sömu leið.

Þann 11.sept. barst óveðursútkall frá 112.

Þakplötustaffli var á leiðinni út í himinhvolfið frá húsi við Fjólugötuna. Restinni af plötunum var komið í hús og aðrar fergðar.

Þann 25.sept. kl. 12:10, barst beiðni frá lögreglunni um að sóttur yrði maður út í Bjarnarey. Var hann talinn var lasinn en tilfellið ekki alvarlegt. Var því neyðarlínan beðinn um að senda “gult” útkall. Þegar komið var út í eyju og að mannum var hann orðinn mjög kaldur þar sem hann lá og einnig var orðið ljóst að ástand hans var orðið alvarlegt. Hafist var handa að hlú að honum og búa um á skelbörur og á sama tíma voru siglínur og tryggingar gerðar klárar. Bera þurfti manninn alllanga leið að sigstað.

Sjúklingnum var síðan sigið niður á bómu þeirri sem matur og vistir eru jafnan dregin upp á. Sighæðin var eitthvað á annað hundrað metrar.

Þór flutti síðan manninn og var komið í land kl.13:50 og var hann síðan sendur með sjúkraflugi til Reykjavíkur

Þann 29.sept. barst óveðurs útkall frá 112.

Mikið óveður gekk yfir og fauk hluti stórra vinnupalla við Framhaldsskólann. Það sem eftir stóð var neglt og bundið niður.

Járn losnaði af fiskvinnsluhúsi.

Járn var fest á húsi við Hrauntún.

Einnig var litið á minniháttar tjón á bílskúrum við Hólagötu og Hásteinsveg.

Þann 10.október barst beiðni um aðstoð frá lögreglu um sjúkraflutning. Sjúkur maður var í sjálfheldu í heimahúsi og þurfti sérhæfðan búnað til þess að losa hann. Verkefnið gekk vel og tók um eina klukkustund.

Sjöunda janúar barst “rautt” útkall frá 112.

Mb.Dala Rafn Ve, varð vélarvana við Klettsnefið. Áður enn menn gátu brugðist við hafði vélinni verið komið í gang og hættuástandi því aflýst.

Þann 1.apríl barst “grænt”heildarútkall með símboði frá 112.

Þrjár litlar einshreyfils flugvélar sem voru á leiðinni frá Reykjavík til Hornafjarðar, lentu í ísingu og lýstu yfir hættuástandi. Vélnar lentu heilar og höldnu í Reykjavík og á Höfn.

Sjöunda apríl barst “rauður einn” kall frá 112.

Frár Ve. hafði strandað í fjörunni við “Skeglutanga” sem er beint á móti Ystakletti.

Þar sem Þór var í viðhaldi á landi fóru nokkrir meðlimir BV. með Lóðsinum að strandstað. Veður var með afbrigðum gott og lítil hætta á ferðum. Mannskapur fór á tuðru félagsins á staðinn og einnig var mannskapur í viðbragðsstöðu í fjörunni. Beðið var eftir flóði í um eina klukkustund og dró þá Lóðsinn bátinn út.

Þann 18.04.2004. kl.16:58 barst boð frá 112 “rauður einn” þess efnis að menn væru í sjónum rétt utan við Ystaklett og væru í lífshættu. Þeir höfðu verið að sjósetja slöngubát frá togara en hún oltið og mennirnir lent undir henni. Þar sem Þór var í húsi til viðhalds var slöngubátur okkar sjósettur og sendur af stað. En á meðan hafði einn félagi okkar haldið af stað ásamt lögreglumanni á hraðbát og komu þeir fyrst að mönnunum og náðu þeim um borð. Tveir þeirra voru nokkuð þrekaðir og voru fluttir á sjúkrahús til skoðunar.

“Eyjar 2003”

Þann 1.nóvember var haldin á og við Vestmannaeyjaflugvöll æfing sem bar nafnið “Eyjar 2003”, en fimm ár eru liðin síðan slík æfing var haldin hér.

Það var Flugmálastjórn Íslands sem stóð fyrir æfingunni. Hún gekk út á sviðsett flugslys og viðbrögð við því, en í slysinu átti fimmtíu sæta flugvél að hafa lent í slysi við landingu, nær full af farþegum. Allir viðbragðsaðilar sem nálægt slíkum atburði koma samkvæmt skipulagi Almannavarna tóku þátt í æfingunni. Daganna áður höfðu fulltrúar viðbragðsaðila af höfuðborgarsvæðinu komið og farið yfir viðbragðskerfið hér. Haldin voru fjölmörg námskeið og fræðin rifjuð upp.

Samkvæmt skipulagi Almannavarna voru helstu verkþættir okkar þessir:

Menn í aðgerðarstjórn, maður í vettvangsstjórn, aðstoð í greiningarstöð, skipulag flutnings á sjúklingum frá slysstað að greiningarstöð og á sjúkrahús, skráning og fleira tilfallandi. Þrjátíu og fimm félagar BV. tóku þátt í æfingunni. Þótt ekki séu komnar endanlegar niðurstöður um árangur æfingarinnar, þá þótti okkur hún takast

allvel meginþáttum og mun betur en samskonar æfing sem haldin var hér fyrir fimm árum síðan og áður var minnst á.

Almannavarnamál.

Ekki hefur enn verið skrifað undir nýjan samning við almannavarnir Vestmanneyja, en þessi samningur fjallar um þátt okkar í skipulagi almannavarna hér í bæ. Okkur hefur í gegnum tíðina fundist fyrri samningar vera mjög einhliða. Bæjarfélagið leggur okkur skyldur á herðar en leggur mest lítið til sjálf. Það hefur tíðkast um árabíl að ýmsir starfshópar og áhugahópar hafa fengið ókeypis aðgang að sund og þreksal íþróttamiðstöðvarinnar. Þótti okkur ekki ósanngjarnt með tilliti til framlags okkar í þágu almennings að við nytum þess sama. Bæjaryfirvöld eru á annarri skoðun og við það situr.

Bílamál.

Lundi 1 Econoline og Lundi 3 Mazda voru seldir á árinu. Höfðum við þá átt Lunda 1 í átta ár sem er langt umfram þann tíma sem við teljum æskilegt. Lundi 3 var gamall og lúinn sendibíll sem hafði þjónað sínu.

Í stað Lunda 3 var keyptur Toyota Hi-Ace 4x4 gamall en í þokkalegu standi. Með því að kaupa og reka ódýra sendibíla og nota þá í allt daglegt snatt hefur rekstrarkostnaður “alvöru” bílanna snarlækkað.

Nýr Lundi 1, Ford Econoline 14.manna kom í stað þess sem var seldur. Mun hann fara í breytingu um miðjan maí. Þessi bíll var keyptur beint frá Ameríku og með honum var keyptur allur sá búnaður sem þarf til þess að breyta honum í fjalla og björgunarbíl. Allt gekk eðlilega, nema sú staðreynd að afgreiðsla hans tók alltof langan tíma.

Rekstur Lunda 2 (Nissan Patrol) gekk vel og enginn stór óhöpp komu upp. Hann er nú orðin fimm ára gamall sem er sá tími sem við höfum í gegnum tíðina talið hæfilegan notkunartíma. Þarf nú að fara að huga að því hvað menn vilja gera í þeim málum.

Sjóbúðin.

Á þessu starfsári var lokið frágangi utanhúss. Unnið var við að klæða innveggi með gipsplötum svo og reistir milliveggir og þeir klæddir og gengið frá rafmagni. Vegna breyttra og hertra reglna um sölu og geymslu flugelda þá byggðum við öfluga og eldhelda flugeldageymslu. Enn er nokkuð verk eftir við frágang innanhúss. Þór hefur staðið í húsinu til viðhalds um nokkurn tíma og má þá segja að sú starfsemi sem húsið var upphaflega hugsað fyrir sé komin í gang.

Göngurall.

Göngurall var haldið 4.október sl. Prettán hófu þátttöku og tíu luku henni. Þessi þátttaka er ekki nógu góð. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort opna ætti rallið þannig að fleiri gætu tekið þátt, jafnvel breyta þessu í almenningsrall. Engar ákvarðanir hafa verið teknar

Þjóðhátíð.

Þessi þjóðhátíð gekk fyrir sig með hefðbundnum hætti. Veður var allþokkalegt, enginn stórvægileg atvik komu upp og nóg var að gera. Að vanda vorum við með stóran hóp björgunarsveitarmanna ofan af landi okkur til halds og trausts. Okkur gengur mjög illa að manna okkar pósta og er nauðsynlegt að finna einhverja aðferð til að fá fleiri til starfa.

Og alltaf eru kröfur reglugerðarþjófélagsins að aukast. Kröfur um rennandi heitt og kalt vatn, salerni, sturtu, fangelsisaðbúnað og þessháttar eru kannski algerlega réttmætar kröfur nútímans en fyrir þrjá daga er það bæði erfitt og dýrt. Og á endanum er þetta allt saman spurning um peninga og hver á að borga brúsann.

Nýliðastarf.

Á síðasta starfsári tókum við Aðalsteinn, Bjarni og Ingvi við nýliðastarfinu. Starfið hefur verið með nokkuð hefðbundnum hætti hjá okkur í vetur.

Vinnukvöld hafa verið flesta mánudaga þar sem að nýliðar 1 og 2 hafa skipst á að mæta. Eins og gengur og gerist hefur mætingin verið nokkuð misjöfn, sumir mætt nær alltaf meðan aðrir hafa verið síður duglegir. Þessi mánudagskvöld hafa verið notuð í ýmislegt. Haldnar hafa verið æfingar, námskeið og einnig tíminn nýttur í tiltekt og annað sem til fellur.

Nýliðarnir okkar hafa farið á eftirfarandi námskeið:

Fyrsta hjálp I og II, Leitartækni, Fluglínunámskeið, Ferðamennska, Fjallamennska I, Fjarskipti, Rötun, Réttindi og skyldur, Slöngubátur I og II

Sum þessara námskeiða hafa nýliðarnir sótt upp á land en önnur verið haldin hérna heima.

Gufuskálar hafa verið nýttir og sjáum við fyrir okkur að geta jafnvel nýtt okkur þá aðstöðu meira þar sem hægt er að fara og klára jafnvel nokkur námskeið í einni ferð eins og gert hefur verið.

Við stefnum að því nú á næstu dögum að fara í grunnskólana og kynna nýliðastarfið fyrir elstu nemendum eins og gert var í fyrra. Í framhaldi af því verður síðan kynningarkvöld þar sem að krökkum gefst kostur á því að koma og skoða aðstöðuna hjá okkur ásamt því að fara kannski í bíltúr og bátsferð.

Aðalsteinn Baldursson

Bjarni Halldórsson

Ingvi K. Skjaldarson



Flugeldamál.

Flugeldasala gekk nokkuð vel. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með hefðbundnum hætti. Í fyrsta skipti í rúm þrjátíu ár var flugeldum ekki pakkað í fjölskyldupakka og sparaði það mikla vinnu. Nú eru það kínverskar ungmeyjar sem pakka öllu fyrir okkur í fallega kassa. Svo snyrtilega er þetta gert að við hefðum varla gert betur.

Undanfarin ár höfum verið að færa flugeldasöluna til þess horfs sem nýjar reglugerðir krefjast. Um áramótin tók gildi ný og hert reglugerð um flugeldasölu og teljum við að húsnæði okkar standist algerlega þær kröfur sem gerðar eru.

Gjafir.

Í ár eru tuttugu ár síðan Guðlaugur Friðþórsson synti hið þekktu “Guðlaugssund” Í tilefni þess voru stjórnarmenn BV.kallaðir í Íþróttamiðstöðina að loknu hinu árlega minningarsundi um atburðinn. Þar afhenti Guðlaugur félaginu peningagjöf að upphæð kr.900.000,- fyrir hönd gefanda sem voru:

Bergur-Huginn ehf, Vinnslustöðin hf, Andvari hf, Bergur hf, Frár ehf, Huginn hf, Ísfélag Vestmannaeyja hf, María Pétursdóttir, Narfi ehf, Ós ehf, Portland ehf, Stígandi ehf, Ufsaberg ehf, Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.

Björgunarfélag Vestmannaeyja þakkar gefendum þann hlýhug og stuðning sem fram kemur í gjöfinni. Gjöfin mun hvetja okkur til dáða í starfi okkar og um leið gera okkur kleift að gera enn betur.

Hafið þökk fyrir.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur frá upphafi séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsá gekk salan með hefðbundnum hætti en nokkur samdráttur hefur verið á sölu neyðarvara á liðnum árum og er það vegna mikillar fækkunar báta og breytinga í sjávarútvegi.

Námskeið og æfingar.

Ýmis námskeið og æfingar hafa verið haldin á árinu, bæði hér og uppi á landi. Tíu manns sóttu æfinguna “Tuðra 1” sem haldin var hér og sömu tíu sóttu “Tuðru 2” sem haldin var um borð í Sæbjörginni í Reykjavík.

Þrettán manns mættu á fluglínunámskeið. Var það haldið inni í Botni og fengu allir að skjóta að vild.

Leitartækninámskeið var haldið.

Bjarni Halldórsson fór á fjallabjörgunarskóla í Bandaríkjunum.

Nokkrir fóru á námskeiðið “Fyrsta hjálp í óbyggðum” sem haldið var á Gufuskálum. Köfunaræfing var haldin í nóvember og tóku þátt í henni björgunarsveitarkafarar ofan af landi. Var meðal annars bíll látinn fara fram af bryggju í Friðarhöfn og björgun æfð ásamt fleiri verkefnum.

Þá var farið í mikla upprifjun í tengslum við flugslysaæfinguna “Eyjar 2003”.

Faxastígur 38.

Í vetur voru keyptir eitt hundrað stólar til nota í salnum. Í framhaldi af því var eldhúsinu breytt, það stækkað inn í gang en hluti af því tekinn og breitt í stólageymslu.

Vegna mjög hertra reglna um flugeldasölu var sett upp aðgangsstýrt þjófaviðvörðunarkerfi ásamt brunaviðvörðunarkerfi. Á næstunni munu félagsmönnum verð afhent segulspjöld sem munu koma í stað lykla að húsinu. Þegar félagi mætir í húsið þá leggur hann segulspjaldið að nema og hurðin opnast. Jafnframt skráir tölva komutíma og hver opnaði viðkomandi dyr. Ef að menn týna segulspjaldi eða hætta störfum er einfaldlega hægt að loka fyrir aðgang viðkomandi spjalds með skipun í stjórn tölvu.

Þak hússins var málað en járníð jafnt og klæðning hússins er nú komið nokkuð til ára sinna og ekki mörg ár eftir af endingu.

Félagsfundir

Nokkrir félagsfundir voru haldnir á árinu. Þátttaka á þeim fundum var almennt góð. Reynt var að brjóta upp fundarformið með því að vera með póstaæfingar í lok funda en þær eru þannig upp byggðar að sett eru upp kennsluverkefni á nokkrum póstum í einu og fara fundarmenn síðan á milli þeirra.

Þessi aðferð býður uppá stutta en hnitmiðaða kennslu.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Hannes Kristinn sá um kennsluna. Þarna lærir æska Eyjanna þjóðariþróttina sprang.

Árshátíð.

Árshátíðin var haldin 22. nóvember og var hún haldinn í skátaheimilinu.

Þátttaka var góð svo og matur og skemmtiatriði en allt var þetta heimatilbúið.

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan níu þrjátíu mætta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í skátaheimilið. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin(n)

Bátamál.

Keypt var samskiptakerfi í Þór. Það er þannig uppbyggt að míkrofónn og heyrnartól eru byggð inn í öryggishjál. Snúra úr hjálminum liggur síðan í raddstýrt senditæki. Móðurstöð er í stýrishúsinu. Hásetar á dekki geta haft samband sín á milli eða við skipsstjóra án þess að þurfa að ýta á takka. Kerfið má því kallast handfrjálst.

Síðustu vikurnar hefur Þór verið á húsi vegna viðhalds og endurbóta. Skrúfurnar (impellers) voru sendar til Englands til viðgerðar, báturinn var skrpaður upp og málaður hátt og lágt, mastrið var lækkað, vélar yfirfarnar og drifbúnaður yfirfarinn. Ýmislegt annað hefur verið lagfært eða breitt.

Búnaðarmál.

Nýlega var endurnýjaður hluti af fjallabjörgunarbúnaði félagsins. Keyptur var búnaður frá Bandaríkjunum og kom megnið af búnaðinum til landsins með bílnum en von er á restinni á næstu dögum.

Endurnýjaðir voru gömlu bakpokarnir sem voru óhentugir sökum þess hve illa þeir opnuðust. Nýju pokarnir opnast mun betur þannig að allur búnaður er aðgengilegri sem gerir alla vinnu á brún þægilegri og fljótlegri.

Einnig var tryggingarlínum skipt út fyrir slinga með ásaumuðum festingum sem flýtir gríðarlega mikið fyrir uppsetningu trygginga auk þess sem styrkur slinganna er töluvert meiri.

Á næstu dögum er von á nýjum siglínunum sem kallast Superstatic 11mm. Töluverð þróun hefur verið á björgunarlínunum síðan við keyptum síðast línur fyrir um 7-8 árum. Sem dæmi má nefna að styrkur nýju línanna er tæplega 36KN á móti um 26-28KN á gömlu línunum sem voru orðnar illa farnar og án efa búnar að missa mikinn styrk.

Að lokum má nefna að keyptur var bakpoki undir sjúkradót sem er sérstaklega hugsaður fyrir fjallabjörgun en má að sjálfsögðu nota í önnur verkefni. Reynt var að hafa pokann eins léttann og hægt var en í honum er t.d búnaður til súrefnisgjafar, SAM-spelkur, togspelka, súrefnismettunarmælir, hlustunarpípa, blóðþrýstingsmælir, hitamælir auk annars grunnskyndihjálparbúnaðar.

Meginmarkmið með þeim búnaði sem keyptur var er að gera alla vinnu og uppsetningu í fjallabjörgun öruggari, einfaldari og fljótlegri. Í útkalli skiptir tíminn miklu máli og þá eykst einnig hættan á að menn geri afdrífarík mistök. Þess vegna skiptir búnaðurinn miklu máli en mikilvægast er þó að byggja upp kunnáttu og reynslu manna og vonandi tekst okkur að gera það á næstu mánuðum, því verkefnum í fjallabjörgun hefur á síðustu árum farið fjölgandi og líklegt að svo verði



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2003.

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Einar Örn Arnarsson sótti um styrk, vegna sérhæfðs námskeiðs í leitarköfun sem fram fór daganna 28 okt.- 3 nóv. 2002 og hafnaði stjórn minningarsjóðsins beiðni hans, á þeim forsendum að hann fór á vegum Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, en ekki Björgunarfélagsins Vestmannaeyja.

Þann 7. mars 2003 varð minningarsjóðurinn 25 ára.

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort.

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir



Úr skipsbók björgunarbátsins ÞÓRS.

20.apríl.

Farið með nokkra menn í Elliðaey.

11.maí.

Þjónustutúr í Brand.

15.maí.

Farið í útsýnisferð með fólk á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

19.maí.

Farið í eggjaferð með félagsmenn í Brand.

20.júní.

Þjónustuferð í Klettsvík á vegum Íslandsbanka.

10.júlí.

Slasaður maður sóttur í Suðurey. Tekinn niður “á vatni”

14.júlí.

Þjónustuferð með kafara vegna skoðunar á vatnsleiðslunni til Eyja.

18.júlí.

Þjónustutúr í Suðurey.

20.júlí.

Þjónustutúr í Surtsey.

29.júlí.

Þjónustutúr á Vik með botnmælingamenn Siglingastofnunnar.

27.ágúst.

Farið í Surtsey með þýska rannsóknarmenn.



28.ágúst.

Þýskarar sóttir í Surtsey.

25.sept.

Sóttur veikur maður í Bjarney.

08.okt.

Olíutankur sem bundinn var við bryggju var að losna í roki. Farið var og hann festur við bryggju.

09.okt.

Farið með ofangreindan tank að Fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins.

10.okt.

Aftur farið með tank að verksmiðju Ísfélagsins.

19.okt.

Farið með lóðs í mjölskip.

20.okt.

Farið með lóðs í frystiskip.

30.okt.

Mælingatúr fyrir Vestmannaeyjahöfn. Hún dýptarmæld.

31.okt.

Aftur farið í mælingartúr fyrir höfnina.

